

Landslag ehf
Þingholtsstræti 27
101 Reykjavík

Reykjavík 31. maí 2018
UST201805-361/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Vesturlandsvegur

Vísað er til erindis ráðgjafastofunnar Landslags er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Vesturlandsvegur frá Leirvogsbrú að Hvalfjarðargöngum.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nær yfir núverandi vegstæði Vesturlandsvegur á 14 km kafla sem nær frá sveitarfélagamörkum Reykjavíkur og Mosfellsbæjar að gatnamótum við Hvalfjarðarveg. Einnig kemur fram að skipulagsmörkin fylgja veghelgunarsvæði Vesturlandsvegur, hliðarvegi og göngu- og reiðleiðir meðfram þeim.

Breytingar

Í greinargerð kemur fram að meðal annarra breytinga á Vesturlandsvegi, er að stór hluti af um 40 tengingum við veginn verður lokað og færast þær yfir á hliðarvegi tengdum Vesturlandsvegi. Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda breytingu sem verður mjög til batnaðar og aukins öryggis.

Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu kemur fram að breikkun Vesturlandsvegur muni stækka vegstæðið frá því sem nú er. Einnig kemur fram að landsvæðið sem tekið verði undir framkvæmdina sé að mestu tún. Niðurstaðan er að áhrif deiliskipulagsins á landnotkun sé óveruleg. Umhverfisstofnun tekur undir það og telur aðalatriðið að breikkaður vegur er að mestu í núverandi vegstæði.


Hljóðvist


Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um hljóðvist og það að mögulega þurfi að skoða mótvægisáðgerðir við hús á Kjalarnesi, þar sem reiknað hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum þegar aukið umferðarmagn og umferðarhraði í framtíðinni er tekinn með í reikninginn.

Umhverfisstofnun tekur undir það að breikkun Vesturlandsveggar með vegrið á miðdeili og fækkun vegamóta muni bæta umferðaröryggi á vegkaflanum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu og gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur